



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um val á sviðsmynd vegna framtíðar skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi

Sviðsstjóri, fyrir hönd skóla- og frístundasviðs, leggur til að sviðsmynd I í skýrslu starfshóps um framtíðarsýn skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi verði fyrir valinu til að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar.

Greinargerð

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla eins og sjá má á mynd 1. Í forsögn fyrir Laugarnesskóla sem var skilað 2017 og aftur 2019 (í drögum) kemur þörfin fyrir viðbyggingu skýrt fram. Spár til 20 ára gera ráð fyrir fjölgun nemenda í þessum skólahverfum úr 1.648 árið 2020 í 1.774 árið 2040 og því er ljóst að bregðast þarf við vandanum strax (sjá mynd):

	2020			2030		2040	
	<i>þol húsnæðis</i>	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Langholtsskóli	558	706	-148	662	-104	665	-107
Laugalækjarskóli	348	353	-5	421	-73	423	-75
Laugarnesskóli	431	589	-158	683	-252	686	-255
Samtals	1337	1648	-311	1766	-429	1774	-437

Skýrsla starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnesi- og Langholtshverfi var kynnt á fundi borgarráðs 4. nóvember 2021. Í bréfi borgarstjóra til borgarráðs, dags. 1. nóvember 2021, kemur fram að þeim þremur tillögum starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi verði vísað til skóla- og frístundasviðs til að leiða frekara umsagnarferli í skólasamfélaginu. Í kjölfar þeirrar vinnu taki skóla- og frístundasvið afstöðu til þess hvaða sviðsmynd styður best við skólastarfið í Laugarnes- og Langholtshverfi og gerir tillögur til borgarstjóra og borgarráðs á þeim grunni.



Starfshópurinn lagði fram þrjár eftirfarandi sviðsmyndir til frekari skoðunar:

- I. Skólarnir þrír haldi sér í núverandi mynd og byggt verið við þá alla til að mæta auknum nemendafjölda á næsta áratug í skólahverfunum í takt við forsagnir (fylgiskjöl 2 og 3).
- II. Færa tvo elstu árganga Laugarnesskóla yfir í Laugalækjarskóla og því byggt við hann. Byggt verði við Langholtsskóla eins og fram kemur í forsögn.
- III. Opnaður verði nýr unglingskóli í Laugardal fyrir alla unglinga úr skólunum þremur. Skólarnir þrír yrðu þá allir yngri barna skólar fyrir nemendur í 1.-7. bekk.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. nóvember 2021 var samþykkt að vísa máli varðandi framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til nánari umfjöllunar, kynningar og umsagnarvinnu með grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum skólaráðum og foreldrafélögum sem málið varðar.

Rafrænn kynningarafundur á skýrslu starfshóps um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í Laugarnesi- og Langholtshverfi var haldinn 1. desember 2021. Óskað var eftir umsögnum um tillögur skýrslunnar frá ofangreindum hópum fyrir 1. febrúar 2022, en var framlengt til 15. febrúar 2022.

Eftirtaldir aðilar sendu inn umsagnir um sviðsmyndirnar þrjár.

- Skólaráð Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla, Langholtsskóla
- Stjórnir foreldrafélaga Laugalækjarskóla, Laugarnesskóla, Langholtsskóla
- Starfsmenn skóla- og frístundastarfs Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla auk Glaðheima, Þróttheima, Laugasels, Laugó og Dalheima og deildarstjóra og framkvæmdastjóra Kringlumýrar
- Íbúaráð
- Ungmennaráð



Styrkleikar og veikleikar sviðsmynda

Sviðsmynd 1:

Í sviðsmyndinni felst að skólarnir þrír haldi sér í núverandi mynd og byggt verði við þá alla til að mæta auknum nemendafjölda í skólahverfunum í takt við forsagnir. Því þarf að:

- A. Stækka Laugarnesskóla en gert verði ráð fyrir minna byggingarmagni en lýst er í forsagnarskýrslu. Gert verði ráð fyrir frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk.
- B. Byggja við Laugalækjarskóla og samnýting verði við félagsmiðstöð fyrir sameiginlegt miðstig Laugarnes- og Laugalækjarskóla og unglíngastig Laugalækjarskóla og skólahljómsveit.
- C. Byggja við Langholtsskóla og gert verði ráð fyrir samnýtingu við frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og félagsmiðstöð fyrir alla nemendur Langholtsskóla.
- D. Gera safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum.
- E. Huga að þörf Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla fyrir íþróttakennslu.

Styrkleikar:

Íbúaráð. Þar segir m.a. að sviðsmynd 1 varðveiti skólabrag án mikillar röskunar á félagslegu umhverfi nemenda.

Vinnusmiðja barna í 1. – 4. bekk. Þar kom m.a. fram um sviðsmynd 1 að þau sjá öryggi í því að skólarnir haldi áfram einkennum sínum, en stækki. Þá verði meira pláss, fleiri vinir og kannski fleiri leiktæki. Vinir verða ekki aðskildir.

Vinnusmiðja barna og unglínginga í 5. – 10. bekk. Þar kom m.a. fram um sviðsmynd 1 að það væri jákvætt að fá nýtt húsnæði og meira pláss á hverjum stað. Stutt er fyrir flesta að ganga í skólann. Möguleikar fyrir fjölbreytt skólastarf eru fyrir hendi, kostur að félagsmiðstöðin komi í viðbyggingu í Langholtsskóla.

Skólaráð Langholtsskóla. Sviðsmynd 1 fékk flestar jákvæðu umsagnirnar í skólaráði Langholtsskóla. Hver skóli hefur sína sérstöðu og góðan skólabrag.

Starfsfólk Langholtsskóla. Starfsfólk taldi ekki ástæðu til að breyta farsælu skólahaldi, skólagerð eða sérstöðu skólans. Auðveldara að huga að samfellu í heildstæðum skóla en í barna- og safnskóla fyrir unglínginga.

Foreldrafélag Langholtsskóla. Foreldrafélagið telur góðan skólabrag í Langholtsskóla sem ekki sé ástæða til að hrófla við. Mannauður skólans sé dýrmætur og kostur að geta nýtt starfskrafta milli skólastiga.

Skólaráð Laugarnesskóla telur sviðsmynd 1 einu ásættanlegu lausnina á þeim brýna húsnæðisvanda sem steðjar að skólanum og sú eina sem standi vörð um dýrmæta skóla- og hverfismenningu.

Starfsfólk Laugarnesskóla. Starfsfólk telur sviðsmynd 1 fela í sér minnsta raskið fyrir skólann og að skólabragur og hefðir haldi sér. Það sé mikill kostur að hafa breiðan hóp nemenda, bæði aldur og bakgrunn. Tækifæri sé til að nútímavæða skólabygginguna og bæta aðstöðu sem gefur tækifæri til fjölbreyttra kennsluhátta.

Foreldrafélag Laugarnesskóla. Foreldrafélagið styður þá framtíðarsýn sem sviðsmynd 1 byggir á þ.e. að standa vörð um menningu skólanna og skólagerðir.

Skólaráð Laugalækjarskóla. Telur dýrmætt að halda góðum skólum og sérkennum þeirra. Almenn ánægja ríkir í hverfinu með skólana og lítill áhugi á róttækum breytingum og að sviðsmynd 1 hafi minnst áhrif á börnin.

Starfsfólk Laugalækjarskóla. Um 68% hópsins list best á sviðsmynd 1, þ.e. hefur minnst áhrif á nemendur og skólarnir haldi sínum jákvæða skólabrag og sérkennum.

Foreldrafélag Laugalækjarskóla. Vill að byggt verði við hvern og einn skóla og vernda þannig skólagerð þeirra, skólahverfin og hverfameningu.

Starfsmenn félagsmiðstöðva. Telja sviðsmyndina ákjósanlega að því leyti að skólaumhverfið tekur minni breytingum. Stöðugleiki fyrir nemendur og kennara.



Samantekt styrkleika við sviðsmynd I

Skólarnir þrír halda sínum skólabrag og skólagerð sem mikil ánægja hefur verið með í skólasamfélaginu. Með byggingu við Laugalækjarskóla væri hægt að bæta við byggingu ípróttahúss. Tækifæri til bygginga á lóð Laugarnesskóla þar sem færanlegar kennslustofur eru nú til staðar. Jafnframt að Skólahljómsveit Austurbæjar færi alla aðstöðu sína í Laugalækjarskóla. Sviðsmynd I varðveitir skólabrag, er stöðuleiki fyrir nemendur og kennara, samfella verður í námi barna í heildstæðum skóla, barn sækir skóla í sínu nærumhverfi, stutt fyrir börn að sækja skóla. Tillaga sem stendur vörð um dýrmæta skóla- og hverfismenningu.

Veikleikar:

Vinnusmiðja barna í 1. – 4. bekk. Börnin sjá fyrir sér töluvert rask á framkvæmdum og að þær muni taka tíma.

Vinnusmiðja barna í 5. – 10. bekk. Líklega dýrara að byggja við þrjá skóla en að byggja einn nýjan. Viðbyggingum fylgir rask og hávaði og passa þyrfti vel upp á öryggismál á framkvæmdatíma. Viðbyggingar gætu orðið til þess að skólalóðir minnki.

Starfsmenn félagsmiðstöðva. Gríðarleg hættu á því að sviðsmyndin bjóði ekki upp á nægjanlega stækkun skólanna og sé ekki nægilega góð lausn til lengri tíma.

Skólaráð Langholtsskóla. Þeim finnst ípróttasvæði óviðunandi og að finna þurfi framtíðaraðstöðu fyrir frístundastarfið.

Starfsfólk Langholtsskóla. Finna þarf varanlegar lausnir á frístundaaðstöðu við alla skóla.

Foreldrafélag Langholtsskóla. Finnst yngstu nemendur þurfa að labba of langt í frístundaheimili.

Starfsfólk Laugarnesskóla. Starfsfólk hefur áhyggjur af því að skólinn verði ekki stækkaður nægilega mikið. Ókostur að gert sé ráð fyrir að frístundastarfið fari fram í kennslustofum en ekki í sérrými.

Foreldrafélag Laugarnesskóla. Foreldrafélagið leggur áherslu á að við stækkun skólanna verði byggt til framtíðar. Hafna því að nauðsynlegar úrbætur við ípróttaaðstöðu verði látnar ráðast af uppbyggingu þjóðarleikvangs.

Skólaráð Laugalækjarskóla. Algjör skortur á ípróttaaðstöðu við Laugalækjarskóla yrði áfram óleyst vandamál. Húsnæðiskostur félagsmiðstöðvarinnar Hofs er þegar of lítill, mun þurfa stærra húsnæði í framtíðinni. Ef byggt yrði við alla skóla myndi leiksvæði þeirra minnka sem því nemur.

Starfsfólk Laugalækjarskóla. Mikið rask við alla skólana og óvissa með ípróttaaðstöðu.

Samantekt veikleika við sviðsmynd I

Veikleikar sviðsmyndar I eru að á framkvæmdatíma er töluvert rask við skólana þrjá. Líklega dýrara að byggja við þrjá skóla en að byggja nýjan, erfitt að gera sér grein fyrir hvar viðbyggingar skólanna eiga að koma og skólalóðir minnki.



Sviðsmynd II:

Í sviðsmyndinni felst að færa tvo elstu árganga Laugarnesskóla (5. og 6. bekk) yfir í Laugalækjarskóla og byggt verði við hann. Byggt verði við Langholtsskóla eins og fram kemur í forsoðgn. Því þarf að:

- A. Byggja við Laugalækjarskóla og gera ráð fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar og skólahljómsveitar í skólanum.
- B. Byggja við Langholtsskóla og gera ráð fyrir samnýtingu við félagsmiðstöð fyrir alla nemendur Langholtsskóla.
- C. Gera ráð fyrir að í 1. og 2. bekkur úr Langholtsskóla fái aðstöðu í Dalheimum
- D. Gera þarf ráð fyrir íþróttaaðstöðu í Laugarnesskóla.
- E. Gera þarf ráð fyrir safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum fyrir nemendur í Langholtsskóla og Laugarnesskóla.

Styrkleikar:

Ungmennaráð. Væri góð hugmynd að Laugarnesskóli væri eingöngu fyrir yngra stig þar sem hann er byggður fyrir yngri börn, og miðstigið færi yfir í Laugalækjarskóla.

Vinnusmiðjur barna í 1. – 4. bekk. Yngri börnum fannst sumum spennandi að fara fyrr í Laugalækjarskóla.

Vinnusmiðjur barna í 5. – 10. bekk. Verða litlar breytingar og meira pláss í Langholts- og Laugalækjarskóla og það verður hægt að vera með góða aðstöðu fyrir félagsmiðstöð í báðum skólum.

Starfsmenn frístundaheimila. Þessi sviðsmynd hentar frístundaheimilunum best. Mestar líkur eru á að búa megi vel að frístundastarfinu með þessari tillögu. Tillagan er góð fyrir nemendur í Langholtsskóla út frá fjarlægð og öryggi.

Starfsmenn félagsmiðstöðva. Samstarf milli skóla og félagsmiðstöðvar yrði einfaldara. Einnig samskipti milli skóla og frístundar miðstigs og unglíngastigs. Væri gott að þróa öflugra félagsmiðstöðvarstarf fyrir miðstig sem starfaði inn í Laugarlækjarskóla og Langholtsskóla.

Sviðsmynd II hefur ekki áhrif á Langholtsskóla og því fjölluðu skólaráð, starfsfólk Langholtsskóla og foreldrafélagið ekki um hana.

Skólaráð Laugalækjarskóla. Styrkleiki sviðsmyndar II er að 7. bekkur verður ekki eyland félagslega og nemendur í félagsmiðstöðinni yrðu undir sama þaki. Í þessu gæti einnig falist námslegur styrkur, allt miðstigið undir sama þaki.

Starfsfólk Laugalækjarskóla. Kostur að allt miðstig Laugarneshverfis sé í sama skóla. Einnig er kostur að óumflýjanlegt væri að byggja íþróttahús við Laugarnesskóla.

Samantekt styrkleika við sviðsmynd II

Spennandi að skipta um skóla. Litlar breytingar í Langholts- og Laugarlækjarskóla. Hægt að vera með góða aðstöðu fyrir félagsmiðstöð og mestar líkur að búa megi vel um húsnæði frístundaheimilanna. Tillagan góð út frá fjarlægð og umferðaröryggi.

Veikleikar

Íbúaráð. Veikleikar sviðsmyndarinnar eru að það raskar mikið félagslegu umhverfi nemenda. Óheppilegt að breyta aldursskiptingu milli skólanna tveggja, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla.

Vinnusmiðju barna í 1. – 4. bekk. Nemendur nefna að ýmsar hefðir og venjur sem fylgja árgöngum í Laugarnesskóla gætu horfið eða breyst.

Vinnusmiðja barna í 5. – 10. bekk. Skólalóðin við Laugalækjarskóla hentar kannski ekki fyrir 5. – 6. bekk núna. Þyrfti að bregðast við því. Tekur í burtu spennuna við að fara í sérstakan unglíngaskóla og félagslífið minna spennandi. Öllum framkvæmdum við skóla fylgir truflun sem getur verið erfitt.

Starfsmenn frístundaheimila. Galli að nemendur í Laugarnesskóla missa fyrirmyndir sínar í 5. og 6. bekk. Endurnýja þyrfti húsnæði Dalheima til að mæta þörfum 1. og 2. bekkjar í Langholtsskóla.

Starfsmenn félagsmiðstöðva. Upplifa þetta sem skammtímalausn.



Starfsfólk Laugarnesskóla. Þessi sviðsmynd hefur mikil áhrif á Laugarnesskóla og veikir yngra stig skólans. Þau hafa ekki eldri fyrirmyndir. Þröngt aldursbil skapar ákveðna einsleitni og óþörf skil á milli aldurs hópa í samfélaginu. Áhyggjur af því að mið- og unglíngastig eigi ekki samleið og þroskamunur sé mikill fyrir nemendur að skipta um skóla eftir 4. bekk.

Foreldrafélag Laugarnesskóla. Það myndi auka á sérstöðu skólanna að breyta skólagerð beggja skóla og hamla tækifærum í að byggja íþróttahús við Laugarlækjarskóla. Óljós ávinningur af sviðsmynd II yfirvinnur ekki fórnarkostnað breytinganna.

Skólaráð Laugalækjarskóla. Vandséð hvernig tvöföldun Laugalækjarskóla kemst fyrir ásamt nauðsynlegu íþróttahúsi, lítið pláss yrði eftir fyrir leiksvæði. Þarfir unglínga og miðsstígs ólíkar og hætt við að skólinn verði mjög tvískiptur.

Starfsfólk Laugalækjarskóla. Ólíklegt að mið- og unglíngastig myndu vinna mikið saman. Hætta á tvískiptingu skólans. Stækka þyrfti skólahúsnæðið óhemju mikið, lítið eftir af skólalóð fyrir útileiki yngri barna. 95% starfsmanna líst verst á þessa sviðsmynd.

Samantekt veikleika við sviðsmynd II

Veikleikar sviðsmyndar II eru að hún raskar námslegu og félagslegu umhverfi nemenda í Laugarnes- og Laugalækjarskóla, erfitt að skipta um skóla fyrir unga nemendur, hefðir og venjur í skólum raskast. Öllum framkvæmdum fylgir truflun sem getur verið erfitt.

Sviðsmynd III:

Í sviðsmyndinni felst að opnaður verði nýr unglíngaskóli í Laugardal fyrir alla unglínga úr skólunum þremur sem yrðu þá allir fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Því þarf að:

- A. Finna húsnæði í Laugardalnum og/eða byggja nýtt fyrir nýjan safn-unglíngaskóla þar sem einnig væri gert ráð fyrir félagsmiðstöð.
- B. Gera þarf ráð fyrir fristundaheimilum í öllum þremur skólunum. Einnig þarf að gera ráð fyrir rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir miðstíga í skólunum þremur.
- C. Gera þarf ráð fyrir rými fyrir skólahljómsveit Austurbæjar í Laugalækjarskóla.

Styrkleikar

Ungmennaráð. Ungmennaráði líst best á sviðsmynd III. Þau telja þetta vera bestu langtímalausnina. Gæti verið hressandi ný og skemmtileg breyting fyrir hverfin. Erfitt að horfast í augu við breytingar en höldum að það sé kominn tími til þess.

Vinnusmiðja barna í 1. – 4. bekk. Kostir að geta hitt nýja krakka og eignast fleiri vini, meira pláss í skólanum fyrir yngri nemendur.

Vinnusmiðja barna í 5. – 10. bekk. Í unglíngaskóla er fjölbreyttara félagslíf og meira sem hægt er að gera og meiri líkur á að allir geti fundið vini við hæfi. Námið væri fjölbreyttara, meira val og hægt að gera aðstöðu fyrir félagsmiðstöð í nýjum unglíngaskóla. Þessi leið yrði til þess að byggingaframkvæmdir myndu hafa lítil áhrif á skólastarf.

Starfsmenn félagsmiðstöðva. Árangursríkust til lengri tíma. Möguleikar á að einstaklingar sem tilheyra jaðarhópum væru sýnilegri. Byggja þarf upp jákvæða unglíngamenningu og góðir möguleikar á því ef félagsmiðstöð yrði staðsett inn í skólanum.

Skólaráð Langholtsskóla. Gæti verið spennandi kostur svo fremi sem stundaðir yrðu álíka kennsluhættir og vinnubrögð sem stundaðir eru á unglíngastigi í Langholtsskóla. Í unglíngaskóla gefst tækifæri til að móta stefnu skóla með nýjum áherslum. Unglíngastarfið fengi að njóta sín og félagslífið gæti orðið öflugra. Nemendur sem eiga undir högg að sækja gætu fengið nýtt upphaf.

Starfsfólk Langholtsskóla. Nútímalegur unglíngaskóli gæti boðið upp á ný tækifæri og nýjar áherslur í námi, nýtt upphaf og tækifæri til að kynnast nýjum félögum.



Starfsfólk Laugarnesskóla. Stór unglingaskóli hefur möguleika á að vera með fjölbreytt námsframboð, val og námsbrautir. Gæti verið jákvæð breyting að minni árgangar yrðu í Laugarlækjar- og Laugarnesskóla og samfella í 1. – 7. bekk.

Skólaráð Laugarlækjarskóla. Jákvætt ef um nýbyggingu verður að ræða með góðri íþróttaaðstöðu, spennandi tækifæri, nýtt upphaf. Erfið unglingamenning verður ekki áhyggjuefni. Fulltrúum nemenda í skólaráðinu finnst þessi kostur álitlegur.

Starfsfólk Laugarlækjarskóla. Tækifæri að byggja upp fjóra nýja skóla. Mögulega ný vinnubrögð, framsækin útfærsla með rými til uppbrots, samkennslu og svigrúms til að sinna fjölbreyttum þörfum unglunga.

Samantekt um styrkleika við sviðsmynd III

Besta langtímalausnin, skynsemi í að byggja unglingaskóla, fleiri unglingar saman, meiri líkur á að allir geti fundið vini við hæfi og fjölbreyttara félagslíf. Nútímalegur unglingaskóli gæti boðið upp á ný tækifæri og nýjar áherslur í námi. Nýtt upphaf og tækifæri til að kynnast nýjum félögum.

Veikleikar

Íbúaráð. Mikil breyting á félagslegu umhverfi nemenda, sérstaklega á unglingastigi. Tímarammi, lóðamál og mismunun á aðgengi eftir hverfishlutum vegur einnig neikvætt inn í þessa sviðsmynd. Þriðja sviðsmyndin felur í sér nýjan skóla en lóðir fyrir slíkt liggja ekki á lausu í hverfinu og forsendur þannig óljósar.

Vinnusmiðja barna í 1. – 4. bekk. Gallarnir væru að unglingar vita ekki hvernig á að umgangast yngri krakka og þeir gætu ekki hjálpað þeim yngri í skólanum.

Vinnusmiðja barna í 5. – 10. bekk. Gæti tekið langan tíma að byggja nýjan skóla. Gæti orðið langt fyrir suma að fara í skólann. Getur verið ógnvekjandi að vera í stórum unglingaskóla og sumum krökkum gæti kviðið fyrir því og gætu átt erfitt með að kynnast nýjum krökkum.

Skólaráð Langholtsskóla. Áhyggjur töluverðar að safna unglingum öllum saman í einn skóla og möguleiki á skutli ykist til muna. Áhyggjur af unglingum sem þurfa að ganga í gegnum Laugardalinn eftir skólaskemmtun.

Starfsfólk Langholtsskóla. Hætt við að skólabragur og menning glatist ef byggður verður unglingaskóli. Vegalengdir geta orðið miklar. Fjarlægð milli heimilis og skóla geta haft áhrif á skólastarfið.

Foreldrafélag Langholtsskóla. Ekki hefur komið fram hvar skólinn yrði staðsettur eða hver kostnaður við byggingu nýs skóla yrði. Búast má við að ungmennin þyrftu að fara lengra í skólann með aukinni umferð. Kallar á tvískipta starfsemi félagsmiðstöðvar hverfisins og rask fyrir nemendur í sérdeild.

Starfsfólk Laugarnesskóla. Staðsetning á unglingaskóla skiptir höfuðmáli og hvernig skipta eigi hverfinu í nýju barnaskólunum. Mikil fjarlægð fyrir suma nemendur sem felur í sér að bæta þurfi samgöngur. Vandasamt að búa til góða unglingamenningu í safnskóla. Tveir skólar nánast hlið við hlið, annar með gamla menningu og hinn nýr sem barnaskóli. Hætt við að ólík menning skapist.

Foreldrafélag Laugarnesskóla. Staðsetning hins nýja skóla er ekki kynnt og enginn kostnaður eða tímaáætlun. Væntanlegt uppbrót á skólahverfi Laugarnes- og Laugarlækjarskóla er líklegt til að auka einsleitni nemenda. Sviðsmyndin myndi hafa verulega neikvæð áhrif á hverfameninguna.

Skólaráð Laugarlækjarskóla. Erfitt er að taka afstöðu þar sem ekki er ljóst hvar skólinn á að vera. Það að skipta Laugarneshverfinu í tvo yngri barna skóla hefði neikvæð áhrif á félagsleg samskipti milli krakka á þessu svæði. Sérkenni skólanna og skólabragur myndu gjörbreytast.

Starfsfólk Laugarlækjarskóla. Staðsetning unglingaskóla óráðin og íþróttaaðstaða við alla skólana óvissuþáttur. Hætta á það þekking og mannauður tapist. Laugarneshverfið yrði ef til vill klofið í tvö hverfi.



Foreldrafélag Laugalækjarskóla. Upplýsingar um þessa sviðsmynd eru talsvert frá því að vera fullnægjandi. Staðsetning safnskólans er ekki kynnt en í Laugardalnum eru fáir byggingareitir á lausu.

Samantekt veikleika við sviðsmynd III

Ekki liggur fyrir hvar þessi skóli væri staðsettur og að hvaða marki væri hægt að nýta húsnæði sem þegar er í dalnum. Breyting á félagslegu og námslegu umhverfi nánast allra nemenda. Vegalengdir geta orðið miklar, fjarlægð milli heimilis og skóla gætu haft áhrif á félagsstarf. Hvar verður skólinn staðsettur, hver yrði kostnaður? Gæti kallað á margskipta starfsemi félagsmiðstöðvar hverfisins og rask fyrir nemendur í sérdeild.

Áhættumat

Áhættumat var unnið af VSÓ ráðgjöf í samvinnu við starfsmenn skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs og voru skilgreindir 12 áhættuþættir sem gefið var vægi og einkunn. Þættirnir sem valdir voru eru eftirfarandi:

- Rými á lóð, núverandi eða nýrri, allt eftir sviðsmynd
- Verndunarsjónarmið
- Aðal- og deiliskipulagsbreytingar
- Andstaða ytri hagsmunaaðila s.s. nágranna og aðila utan við sjálft skólastarfið
- Áskorun við innleiðingu, þ.e. andstaða úr baklandi skólasamfélagsins
- Samnýting mannvirkja
- Langtímaröskun (10 ár) á skólamenningu og innra starfi vegna nýrra húsakynna
- Skammtímaröskun á skólastarfi, vegna t.d. framkvæmda, flutninga og fleira
- Áhætta vegna kostnaðar
- Umhverfismál, BREEAM vistvottun, nýting innviða, samræmi við Græna planið
- Samgöngur og umhverfaöryggi
- Næmni fyrir uppbyggingarhraða nýs íbúðahúsnæðis
- Hentugleiki rekstrareininga hvers skóla

Áhættuþættirnir fengu vægi sem talið var að endurspegladi áhrif þeirra á verkefnið. Með því er átt við að ef áhættan raungerist hve alvarlegar afleiðingarnar eru gagnvart verkefninu og markmiðum þess. t.d. fá þættir eins og langtímaröskun á skólastarfi, hentugleiki rekstrareininga og áhætta vegna kostnaðar mesta vægið, á meðan þættir eins og skammtímaröskun vegna framkvæmda, samnýting við íþróttamannvirki og skipulagsbreytingar fá lægra vægi. Þetta er háð ákveðnu gildismati sem getur verið ólíkt eftir því frá hvaða sjónarhorni er litið. Einnig getur tilsvarendi einkunn líka verið háð

einstaklingsbundnu gildismati en hér var reynt að gæta eins mikils hlutleysis og frekast var unnt.

Samantekt áhættumats

Niðurstaðan var að áhætta er til staðar í öllum sviðsmyndum en eðlismunur sé milli sviðsmyndanna, hvað það er sem hækki áhættuna. Allar skora þær á bilinu 4,70-6,0 í áhættu sem telja má miðlungsmikla áhættu.

Tekið saman skora sviðsmyndirnar eftirfarandi einkunnir:



Sviðsmyndir	Lýsing	Einkunn (áhætta, 0-10)
Sviðsmynd 1	viðbyggingar við þrjá skóla	6,0
Sviðsmynd 2	viðbyggingar við tvo skóla	4,91
Sviðsmynd 3a	nýbygging efrideildaskóla	4,73
Sviðsmynd 3b	endurbætt húsnæði f. efrideildaskóla	4,82

Tafla 16 Samantekt um metna áhættu eftir sviðsmynd

Styrkleikagreiningar

Tilgreindir styrkleikar fyrir sviðsmyndirnar þrjár, til að meta þá heildrænt og gera þá samanburðarhæfa. Milli sviðsmyndanna þriggja voru skilgreindir eftirfarandi matsþættir og þeim gefið vægi og einkunn.

- Skólabragur og skólagerð
- Tengsl við íþróttamannvirki
- Aðstaða fyrir skólahljómsveit Austurbæjar
- Lóð
- Félagsmiðstöð
- Húsnæði

Samantekt styrkleikamats

Niðurstaðan var að allar sviðsmyndir hafi ákveðna styrkleika en þeir eru ólíkir milli sviðsmyndanna. Þær skora á bilinu 8,24 – 9,65.

Tekið saman skora sviðsmyndirnar eftirfarandi einkunnir:

Sviðsmyndir	Lýsing	Einkunn (styrkleikar, 0-10)
Sviðsmynd 1	viðbyggingar við þrjá skóla	8,24
Sviðsmynd 2	viðbyggingar við tvo skóla	8,71
Sviðsmynd 3a	nýbygging efrideildaskóla	9,65
Sviðsmynd 3b	endurbætt húsnæði f. efrideildaskóla	9,18

Tafla 21 Samantekt um metna styrkleika eftir sviðsmynd



Frumkostnaðarmat

Gert er ráð fyrir endurbótum í hverri sviðsmynd og byggist heildarkostnaður því á samanlögðum kostnaði framkvæmdakostnaðar og kostnaðarmati endurbóta í hverri sviðsmynd.

Einingarverð vegna endurbóta eru reynslutölur sambærilegra framkvæmda, en þar sem óvissa er mikil má áætla að kostnaður geti verið á tilteknu bili. Áætlaður kostnaður var fundinn og 35% óvissu bætt við. Samanlagður kostnaður framkvæmda ásamt heildarmati endurbóta núverandi skóla birtur í eftirfarandi töflu:

Kostnaður Sviðsmynda 1-3 ásamt endubótum með 35% óvissu			
	Sviðsmynd 1	Sviðsmynd 2	Sviðsmynd 3
Langholtsskóli	4.506.000.000 kr	4.506.000.000 kr	3.050.000.000
Laugalækjaskóli	3.026.000.000 kr	6.042.000.000 kr	1.882.000.000
Laugarnesskóli	5.617.000.000 kr	2.393.000.000 kr	2.393.000.000
Nýbygging			6.448.000.000 kr
Heildarkostnaður	13.149.000.000 kr	12.941.000.000 kr	13.773.000.000 kr

Tafla 15 Samanlagður kostnaður á framkvæmdum við-og nýbygginga, ásamt hugsanlegum endurbótum

Samantekt

Í eftirfarandi töflu er samantekt af niðurstöðum frumkostnaðarmats framkvæmda viðbygginga og nýbygginga ásamt endurbótum núverandi skóla, auk áhættumats og styrkleikamati fyrir sviðsmyndirnar þrjár.

Niðurstöður þessar eru fengnar út frá þeim forsendum sem skilgreindar eru í skýrslu um framtíðarsýn skóla – og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi.

Þar sem endanleg hönnun og ítarleg þarfagreining á endurbótum liggur ekki fyrir ríkir töluverð óvissa. Tölur geta því breyst þegar lengra er haldið með verkefnið og má því líta á þær sem framtölur þessa verkefnis.

	Sviðsmynd 1	Sviðsmynd 2	Sviðsmynd 3
Áhættumat [einkunn]	6	4,91	4,73-4,82
Styrkleikar [einkunn]	8,24	8,71	8,0-9,65
Framkvæmdarkostnaður	5.824.000.000 kr	5.616.000.000 kr	6.448.000.000 kr
Kostnaður vegna endurbóta	7.325.000.000 kr	7.325.000.000 kr	7.325.000.000 kr
Samantekt heildarkostnaðar framkvæmda ásamt endurbótum, áhættumats og styrkleikum.	13.149.000.000 kr	12.941.000.000 kr	13.773.000.000 kr

Tafla 1 Samantekt heildarkostnaðar framkvæmda ásamt endurbótum, áhættumats og styrkleikum. Tölur fyrir áhættumat endurspeglar minni eða meiri áhættu frá 0 upp í 10, tölur fyrir styrkleika endurspeglar minni eða meiri styrkleika frá 0 upp í 10.



Varðandi tillögu um sviðsmynd I

Sviðsstjóri fyrir hönd skóla- og frístundasviðs leggur til að sviðsmynd I í skýrslu starfshóps um framtíðarsýn skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi verði fyrir valinu til að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar.

Tillagan er byggð á því að skóla- og frístundasamfélag skólanna þriggja og íbúasamtök styðja eindregið við sviðsmynd I og telja hana farsælasta.

Í samantekt um tillöguna segir: Skólarnir þrír halda sínum skólabrag og skólagerð sem mikil ánægja hefur verið með í skólasamfélaginu. Með byggingu við Laugalækjarskóla væri hægt að bæta við byggingu íþróttahúss. Tækifæri til bygginga á lóð Laugarnesskóla þar sem færanlegar kennslustofur eru nú til staðar. Jafnframt að Skólahljómsveit Austurbæjar færi alla aðstöðu sína í Laugalækjarskóla. Sviðsmynd I varðveitir skólabrag, er stöðuleiki fyrir nemendur og kennara, samfella verður í námi barna í heildstæðum skóla, barn sækir skóla í sínu nærumhverfi, stutt fyrir börn að sækja skóla. Sviðsmynd I stendur vörð um dýrmæta skóla- og hverfismenningu. Öryggi í því að skólarnir haldi áfram einkennum sínum, en stækki. Auðveldara að huga að samfellu í heildstæðum skóla en í barna- og safnskóla fyrir unglunga.

Áhættumat tekur ekki til þess að fyrir liggur að byggt verður við leikskólann Hof og við stækkunina er nauðsynlegt að taka hluta af lóð Laugarnesskóla undir leikskólann. Ef ákvörðun er tekin um sviðsmynd I verður að hafa þessa stækkun Hof og skerðingu lóðar Laugarnesskóla í huga.

Ekki liggur fyrir lóð fyrir nýbyggingu í sviðsmynd III eða hugmyndir um möguleika á nýtingu á öðru húsnæði fyrir unglingaskóla í hverfinu.

Samkvæmt áhættumati kemur fram að miðlungsáhætta er við allar þrjár sviðsmyndirnar. Allar skora þær á bilinu 4,70-6,0 í áhættu sem telja má miðlungsmikla áhættu. Allar þrjár sviðsmyndirnar hafa ákveðna styrkleika, en ekki þá sömu. Þær skora á bilinu 8,24 – 9,65 sem telst óverulegur munur.

Kostnaðargreining tillagnanna þriggja sýnir að óverulegur munur er á þeim. Enn ríkir þó mikil óvissa um þann þátt sem snýr að endurbótum á eldra húsnæði. Munur á kostnaði við sviðsmynd II sem er lægstur og kostnaði við sviðsmynd III sem er hæstur er 832 milljónir króna. Sviðsmynd I er um 624 milljónum ódýrari en sviðsmynd III.